

Um samkeppnisstöðu Íslands

Hluti I. Lögmálið um jafnvirði verðs

Lögmálið um eitt verð

Þeir sem hafa ferðast á milli landa hafa líklega orðið varir við að verðlag er mismunandi frá einu landi til annars, að sami hlutur kostar misjafnlega mikið eftir því hvar hann er keyptur. Þessi munur á hins vegar ekki að vera tilviljanakenndur heldur ráðast af gildum forsendum á hverjum stað. Eitt grundvallarforsendum hagfræðinnar snýst um högnunarviðskipti (e. arbitrage) og verðjöfnun á milli svæða. Þegar fjallað er um högnun er vert að rifja upp eina góða og gilda gátu sem hagfræðingar, af gamansemi, velta stundum fyrir sér. Hún er svohljóðandi: Hverjar eru líkurnar á því að finna fimm þúsund krónur úti á götu? Svar: Engar, því að ef einhver hefði misst slíkan seðil þá segir högnunarskilyrði það að einhver annar ætti að hafa hirt hann. Kjarni málsins er sá að sá verðmunur er til staðar á milli svæða, sem ekki má rekja til flutnings- eða viðskiptakostnaðar, geti ekki staðist til lengdar. Það gerist vegna þess að hagsýnir aðilar munu sjá hagnaðartækifæri í því kaupa hlut á einum stað og selja hann á öðrum allt þar til munurinn hefur horfið. Högnun er meginforsenda fyrir verðmyndun á fjármálamarkaði og viðskipti fjármálafyrirtækja og spákaupmanna byggir að stórum hluta á því að nýta sér slíkan mun sér til hagnaðar. Þessi hugsun hefur einnig verið yfirfærð á vörumarkað með lögmálinu um eitt verð, sem ritað er hér að neðan.


$$P_{\text{Heima}} = EP_{\text{Erlendis}}$$

Lögmálið um eitt verð segir einfaldlega að ef erlent verð á sambærilegum hlut er reiknað í innlandan gjaldmiðil eftir gengisskráningu krónunnar, E, þá er verðmætið hið sama. Þetta lögmál gengur raunar að innstu kviku alþjóðaviðskipta, að verðmunur á milli landa sé ein helsta ástæðan fyrir því að milliríkjaviðskipti eiga sér stað.

Hins vegar fer því fjarri að högnun á vörumarkaði sé hnökralaus. Öfugt við viðskipti á fjármagnsmarkaði fela vöruviðskipti ávallt í sér einhvern flutnings- og viðskiptakostnað sem geta komið í veg fyrir algera verðjöfnun. Ennfremur eru margar vörur sem nær ómögulegt að flytja á milli landa, skattar og skyldur eru mismunandi og svo mætti áfram telja. Lögmálið um eitt verð felur þess vegna raunverulega í sér að verðmunur á vörum sem hægt er að flytja á milli landa – þ.e. skiptanlegum vörum (e. tradables) – ráðist af kostnaði við högnunarviðskipti, s.s. flutningi og sköttum, eða þeim takmörkunum sem lagðar eru á högnunarviðskipti, s.s. með innflutningshöftum, tæknistöðlum eða jafnvel eðlisfræðilögmálum sem gera flutning á milli svæða ómögulegan.


Það hefur reynst töluverðum annmörkum háð sannreyna með tölulegum rannsóknum hvort að ofangreint lögmál um eitt verð haldi. Fyrir það fyrsta hefur reynst erfitt að bera saman verð á milli landa svo með óyggjandi sé vegna þess að erfitt er að fá samanburðarhæfar tölur. Sjaldnast er um hreinar línur að ræða jafnvel nákvæmlega eins vörur eru bornar saman á landa. Til að mynda, verð á banana á stórmarkaði ræðst ekki aðeins verði ávaxtarins sjálfs í innkaupum heldur koma aðrir þættir einnig við sögu, s.s. leiga, laun og lánsfjármögnun, sem ráða álagningu verslunarfyrtækisins. En jafnvel þótt reynt sé að gæta samræmis í öllum slíkum kostnaðarþáttum í samanburði er samt einhver munur til staðar sem líklega ræðst af markaðsaðstæðum á hverjum stað. Þannig hefur t.d. komið fram verulegur munur á verði samskonar vara í IKEA verslunum víða um heiminn sem ekki er hægt að skýra með neinum öðrum hætti en mismunandi samkeppnisaðstæðum sjá Haskel og Wolf (2001). Micheal M. Knetter (1989, 1993) hefur einnig sýnt fram á þennan markaðsmun með því að skoða verðmyndun samskonar vörum sem eru sendar til útflutnings frá sama stað. Til að mynda er mikill verðmunur á þýskum bjór eftir því hvort hann er fluttur til Englands eða Bandaríkjanna sem ekki er hægt að skýra með flutningskostnaði eða tollum. Þetta sýnir fram á frjáls og hörð samkeppni er í raun forsenda fyrir því að lögmálið um eitt verð verki með tilætluðum árangri. Í öðru lagi er hreyfingar nafngengisins svo hraðar og sveiflukenndar að töluverður verðmunur getur myndast á milli landa undir ákveðnum kringumstæðum vegna þess að högnunarviðskipti á vörumarkaði eru sein að taka við sér.

Lögmálið um eitt verð er oft sett fram með almennari hætti þar sem P stendur ekki fyrir eina vöru heldur sambærileg vöruknippi, t.d. sem svarar til meðalneyslu hvers neytenda. Er þá ofangreind líking kölluð lögmálið um algert jafnvirði verðs (e. Absolute Purchasing Power Parity). Fæstum kemur raunar til hugar að það lögmál haldi með þeim hætti og það er sett fram hér að ofan. Það sést líka glögglega ef litið er til verðmismunar innan OECD (sjá mynd 1) að téð lögmál er þverbrotið því sama neyslukarfa hefur mjög mismikið virði eftir því hvar hún er keypt. Dýrasta landið innan OECD er Japan en það ódýrasta er Slóvakía. Munurinn á milli þessara tveggja landa fer nærri því að vera fjórfaldur. Munurinn er einnig tvöfaldur hjá löndum sem liggja samsíða, s.s. eins og milli Þýskalands og Póllands. Árið 2003 er ágætt viðmiðunarár þar sem vöruskipti Íslands sem og efnahagslíf voru í þokkalegu jafnvægi það ár. (Færa má því rök fyrir að Ísland hafi verið nærri sínu jafnvægisraungengi 2003 eins og síðar verður vikið að.)



Mynd 1. Verðlag innan OECD (Bandaríkin = 100) í september 2003, Heimild: OECD

Ísland er í sjöunda sæti í þessum samanburði og á svipuðu róli og hin Norðurlöndin. Ef verðlag í Bandaríkjunum eru notað sem grunnviðmiðun (sjá mynd 2) kemur í ljós að verðlag hérlendis var um 20% hærra en þekktist þar vestra árið 2003.



Mynd 2. Frávik frá algeru jafnvirði verðs innan OECD ef miðað er við Bandaríkin sem grunnpunkt.

Raungengi

Þrátt fyrir þetta er lögmálið um eitt verð viðurkennt sem einn helsti hornsteinn alþjóðahagfræði jafnvel þó flestir viðurkenni fúslega að margir þættir komi í veg fyrir að það haldi með nákvæmum hætti fyrir hvaða vöru sem er. Lögmálið er hins vegar góður áttaviti sem gefur til kynna stefnu markaðanna þegar til lengri tíma er litið. Til að mynda er hljóta nafngengisbreytingar að takmarkast að við að verðbil á milli landa verði ekki of mikið. Þessi hugsun er reyndar sett fram með veikara afbrigði af lögmáli um eitt verð sem kallast hlutfallslegt jafnvirði verðs (e. relative purchasing power parity) sem er ritað hér að neðan:

$$\% E = \frac{\% P_{\text{Heima}}}{\% P_{\text{Erlendis}}}$$

Hlutfallslegt jafnvirði gerir einfaldlega ráð fyrir því að sá mismunur sem er til staðar á verðlagi á milli landa ráðist af þeim takmörkunum á högnunarviðskiptum sem eru til staðar og getið var hér að ofan. Ef munurinn verður meira en nemur

högnunarhindrunum hlýtur að skapast þrýstingur á verðlækkun. Þetta er oft útlagt sem raungengi, sem sést hér að neðan.

$$q = \frac{P_{\text{Heima}}}{EP_{\text{Erlendis}}}$$

Raungengi er með öðrum þræði mælikvarði á samkeppnisstöðu innlendra framleiðenda, hvort sem þeir selja innanlands eða utan. Raungengi er reyndar einnig sett fram sem hlutfallsleg laun fremur en verðlag:

$$q^w = \frac{W_{\text{Heima}}}{EW_{\text{Erlendis}}}$$

Raunar er erfitt að segja til um hvað sé í raun og veru rétt raungengi. Oft eru því kvarðar úr utanríkisviðskiptum notaðir til þess að meta raungengisstöðuna. Hægur vöxtur útflutnings, en hraður vöxtur innflutnings gæti því bent til þess að raungengi sé of hátt og innlend framleiðsla sé of kostnaðarsöm miðað við það sem gerist erlendis. Ef nafngengið er fullkomlega fast, t.d. vegna þess að viðkomandi land er aðili að myntbandalagi, getur raungengi eins lands aðeins lækkað með verðhjöðnun eða launalækkun eða með verðbólgu og launaskriði í öðrum löndum. Fræðilega séð ættu gjaldeyrismarkaðirnir að leiðrétta fyrir slíkum frávikum frá raungengi með því að hreyfa nafngengið, E , í samræmi við breyttar forsendur. Ástæðan er einfaldlega sú að ef verðlag er hærra innanlands en erlendis mun ásókn aukast í erlendar vörur en minnka á innlendum vörum og misvægi myndast í viðskiptum við útlönd. Viðskiptahallinn mun leiða til þess að gjaldeyrir flæðir úr landi og nafngengið lækkar þar til að kaupmáttarjafnvægi hefur verið náð.

Tengsl raungengis og nafngengis

Hér er með öðrum orðum, lögmálið um eitt verð er þess vegna sett fram sem langtímajafnvægi fyrir gengi einstakra gjaldmiðla. Þess vegna ætti sveigjanlegt nafngengi ætti fræðilega séð að tryggja að verðjöfnun innan þeirra marka sem hagkvæmni högnunarviðskipta setur og getið er hér að ofan. Fyrir árið 1973, þegar Bretton-Woods fastgengiskerfið hrundi og helstu gjaldmiðlar heimsins fóru á flot, var sveigjanlegt gengi fremur sjaldgæft í hinum vestræna heimi ef undan eru skilin stutt óróatímabil. Þetta varð m.a. til þess að því var spáð af hagfræðingum eins og Milton Friedman (1953) að sveigjanlegt nafngengi myndi leiða til þess raungengið yrði mjög

stöðugt við langtímajafnvægi vegna högnunarviðskipta í tengslum við jafnvirði verðs. Hins vegar kom í hið gagnstæða í ljós eftir að gjaldmiðlar heimsins komust á flot eftir 1973 að hreyfingar nafngengisins mögnuðu fremur en lögðu sveiflur í raungengi. Ástæðan er einfaldlega sú að gjaldeyrismarkaðir eru eðli málsins samkvæmt eignamarkaðir og verðmyndun er oft í litlum tengslum við þjóðhagsstærðir, a.m.k. þegar til skemmri tíma er litið. Raunin er þess vegna sú að raungengi og nafngengi fylgjast fremur náið að og af þeim sökum geta frávik frá jafnvirði verðs verður stór og sveiflukennnd ef horft er yfir stuttan tíma. Hins vegar leggja flestir hagfræðingar trúnað á langtímagildi lögmálsins um hlutfallslegt jafnvirði verðs þannig að raungengi gjaldmiðla sé raunverulegt langtímajafnvægi sem nafngengið geti ekki leitað langt frá nema í stuttan tíma í senn. Þetta er jafnframt studd af rannsóknum sem sýna jafna en hæga aðlögun að jafnvirði verðs sem nemur um 15% á ári.

Almennar ástæður fyrir verðmun á milli landa

Ýmsar ástæður geta verið fyrir því að verð á vöru og þjónustu er mismunandi á milli landa. Þannig geta innflutningsvernd, tollar og aðrar opinberar álögur valdið því að vöruverð er hærra á einum stað en öðrum. Sama gildir um flutningskostnað. En jafnvel þó að leiðrétt sé fyrir þessum liðum geta ýmsir staðbundnir þættir leitt til þess að verðlag verði mismunandi milli landa. Meðal þeirra atriða sem þar skipta máli eru:

Náttúruauðlindir. Aðgangur að náttúruauðlindum getur lækkað framleiðslukostnað og þar með vöruverð á markaði.

Stærð markaðar. Yfirleitt er gert ráð fyrir að framleiðslukostnaður lækki með framleiddu magni. Stærri markaðir njóta í ríkara mæli stærðarhagkvæmni og því er verð á vörum og þjónustu oft lægra þar en á litlum mörkuðum. Smæðin getur einnig skapað nauðarval á milli stærðarhagkvæmni og fákeppni annars vegar og stærðaróhagræðis og samkeppni hins vegar. Í báðum tilvikum sitja neytendur uppi með hærra vöruverð.

Launastig. Há laun valda því að kostnaður við framleiðslu verður meiri en ella og vöruverð þar af leiðandi hærra. En há laun þýða einnig að launþegar geta látið meira eftir sér og eru ekki eins líklegir til að setja hátt verð fyrir sig og þeir sem minna bera

úr bítum – kaupmáttur er meiri. Hátt launastig hefur því bæði áhrif á framleiðslukostnað og eftirspurn eftir vörum og þjónustu.

Löggjöf. Stjórnvöld geta með lögum og reglum haft áhrif á verðmyndun á markaði.

Hagstjórn. Stjórn efnahagsmála getur ráðið miklu um verðþróun á markaði. Stjórnvöld í einu landi geta t.d. ákveðið að leggja ofurkapp á stöðugt og lágt verðlag, en í öðru geta þau lagt meira upp úr litlu atvinnuleysi.

Ríkisumsvif. Mikil ríkisafskipti geta dregið úr samkeppni á markaði og valdið því að verð verður hærra en ella. Að auki hefur rekstur ríkisfyrirtækja oft þótt óhagkvæmur og þjónusta þeirra of dýr.

Hluti II. Verðlag á Íslandi í samanburði við önnur lönd

Matarverð á Íslandi í samanburði við önnur Evrópulönd

Vorið 2003 fóru um 15% af neysluútgjöldum Íslendinga til matar og drykkjar (áfengi er hér ekki talið með). Þetta hlutfall er mishátt eftir tekjum fólks og fjölskyldustærð. Þrjú vöruflokkar vógu þyngst í matarkröfu Íslendinga árið 2003: mjólk, ostar og egg; kjöt; og brauð og kornvörur. Hluttur matvæla í neyslu meðalfjölskyldu hefur minnkað undanfarin ár og er nú kominn niður í um 13½%, en þar við bætast drykkjarvörur (án áfengis) sem veða tæp 2%. Þetta hlutfall er mun lægra víða í Evrópu.

Árið 2001 var verð matvara á Íslandi um 50% hærra en að meðaltali í Evrópusambandinu að mati Eurostat. Svipuðu munaði á drykkjarvörum (öðrum en áfengi). Fiskur er eini vöruflokkurinn í samantekt Eurostat sem reyndist álíka dýr á Íslandi og í Evrópusambandinu, en í öðrum matarflokkum var verð á Íslandi frá 30% til 70% hærra. Verð á matvöru var aftur á móti að jafnaði heldur hærra í Noregi og Sviss en á Íslandi þetta ár. Við samanburð sem þennan er brýnt að hafa í huga að gengishreyfingar íslensku krónunnar – og annarra gjaldmiðla – geta haft mikil áhrif á niðurstöðurnar. Á síðustu árum hafa gengissveiflur verið alldjúpar á Íslandi og því gæti samanburður á öðrum tíma gefið aðra niðurstöðu, án þess þó að skekkja

heildarmyndina verulega. Mikilvægt er einnig að átta sig á því að verðlag er mjög mismunandi milli landa í Evrópu og því e.t.v. hæpið að bera einstök lönd saman við meðaltal Evrópulanda. Því er hér að neðan sýnd tafla þar sem verðlag í ýmsum ríkjum og svæðum í Evrópu er borið saman við meðaltal þeirra 15 ríkja sem voru í Evrópusambandinu árið 2001.

Tafla 1. Hlutfallslegt verðlag nokkurra vörflokka í löndum Evrópu árið 2001 – 15 ríki Evrópusambandsins=100.

	Matur	Matur, drykkjarvörur og tóbak	Ávextir, grænmeti og kartöflur	Brauð og kornvörur	Fiskur	Kjöt	Mjólk, ostar og egg	Sykur, súkkulaði, sælgæti o.fl.	Drykkjarvörur
Ísland	150	151	155	170	105	156	141	162	159
Danmörk	128	130	136	134	129	123	110	141	145
Finnland	112	113	113	131	99	108	103	109	120
Noregur	153	155	140	171	144	162	144	170	165
Svíþjóð	112	113	113	122	96	105	105	127	117
Norðurlönd án Íslands	126	128	126	140	117	125	116	137	137
Bretland	106	108	119	89	106	100	112	114	126
Frakkland	110	108	108	106	108	116	109	105	89
Írland	111	112	129	104	102	101	118	111	120
Þýskaland	101	101	103	104	104	117	83	88	105
Önnur ESB-lönd	94	94	90	96	103	91	100	101	91
Sviss	152	148	143	142	165	189	136	129	112
Tyrkland	55	56	39	51	56	45	85	83	77
Eystrasaltsríki	64	65	71	56	71	57	66	79	81
A-Evrópuríki	55	56	52	45	70	48	67	68	69
Miðjarðarhafsríki	86	87	88	83	98	72	94	105	107

Eystrasaltsríkin eru Eistland, Lettland og Litháen. A-Evrópuríki eru Búlgaría, Pólland, Rúmenía, Slóvakía, Tékkland og Ungverjaland. Miðjarðarhafsríkin eru Kýpur, Malta og Slóvenía. Heimild: Hagstofa Íslands.

Töfluna ber að túlka þannig að t.d. var verðlag matvara árið 2001 að meðaltali 26% hærra á Norðurlöndunum en í Evrópusambandslöndunum 15 (þ.e. $126 - 100 = 26\%$), eða 40% hærra en í ríkjunum við Miðjarðarhafið (þ.e. $126 - 86 = 40\%$), eða 62% hærra en í Eystrasaltsríkjum þremur (þ.e. $126 - 64 = 62\%$). Glögggt má sjá að ríkidæmi landa (kaupmáttur) skýrir hátt vöruverð að miklu leyti en þó ekki öllu.

Skýringar á hærra matarverði

Innflutningsvernd og tollar

Opinber stuðningur við landbúnað á Íslandi er með því mesta sem gerist í iðnvæddum ríkjum, en hann hefur þó minnkað verulega hér á landi undanförunum árum, samkvæmt tölum frá OECD. Heildarstuðningur við landbúnað nam 5% af landsframleiðslu á árunum 1986–1988, en samkvæmt bráðabirgðatölum fyrir árin 2000–2002 var hann þá um 1,7% af landsframleiðslu. Til samanburðar var heildarstuðningur við landbúnað á árunum 2000–2002 1,5% af landsframleiðslu í Noregi, 2,0% í Sviss en 1,3% í Evrópusambandinu. Árin 1986–1988 nam opinber stuðningur við íslenska bændur (PSE) 75% af framleiðslu þeirra, en hlutfallið lækkaði í 63% á árunum 2000–2002. Sá stuðningur sem íslenskur landbúnaður nýtur hefur á undanförunum árum verið metinn til 12–13 milljarða á ári. Tæpan helming borga landsmenn í matarverði, en rúman helming með sköttum. Innflutningsverndin kemur beint við neytendur, sem greiða hærra verð fyrir vöruna en ella. Verndin felst einkum í tollum, en innflutningsbann er nú til dags eingöngu sett á af heilbrigðisástæðum. Annar stuðningur er greiddur í gegnum skattkerfið og er því ekki jafn gagnsær fyrir neytendur. Gera má ráð fyrir að hægt væri að lækka matarreikning landsmanna töluvert ef innflutningshömlur væru afnumdar.

Skattar

Skattlagning hefur áhrif á vöruverð, en það eru ekki eingöngu beinir neysluskattar sem skipta máli fyrir vöruverð. Færa má rök fyrir því að flestir skattar leggjast ofan á vöruverð með einum eða öðrum hætti, hvort sem gjöldin leggjast á við framleiðslu eða sölu. Aðeins heildarskatturinn skiptir máli. Heildarskatttekjur hins opinbera eru lægra hlutfall landsframleiðslu á Íslandi en að meðaltali í Vestur-Evrópu, þótt munurinn hafi minnkað nokkuð á undanförunum árum. Þetta ætti að ýta matarverði niður miðað við þau lönd þar sem skattar eru hærri.

Virðisaukaskattur á flestum matvörum á Íslandi er nokkru hærri en að meðaltali í þeim Vestur-Evrópulöndum sem skoðuð eru í skýrslunni. En meira máli skiptir – þegar matarútgjöld eru annars vegar – að skoða hvort frávík eru á skattlagningu matvæla miðað við aðra skattheimtu á vörum og þjónustu. Flestur matur ber 14% virðisaukaskatt héraðs, sem er rúmlega tíu prósentustigum lægra hlutfall en aðrir vöruflokkar bera, auk þess sem 2% vörugjöld leggjast á suma flokka matvæla. Þegar

litið er til fráviks matarskatta frá annarri skattlagningu er Ísland ekki fjarri meðaltali þeirra landa sem skoðuð eru.

Samanburður á áhrifum vörugjalda á verðlag hér miðað við verðlag í samkeppnislöndum Íslendinga er erfiður vegna skorts á tölum. En samkvæmt þeim upplýsingum sem fyrir liggja virðast vörugjöld og önnur skattlagning ekki skipta sköpum um mun á verðlagi hér á landi og í grannlöndunum. Upp úr stendur að ákveðnar vörur – sem eru að mestu tollfrjálssar og bera ekki háa skatta eða gjöld – voru tugum prósentna dýrari á Íslandi en í Evrópusambandinu árið 2001. Þar á meðal er brauð og kornvara. Sennilega skýrist hátt verð á þessum vörum af legu landsins.

Flutningskostnaður

Samkvæmt tollskýrslum nemur flutningskostnaður á matvörum sem hingað koma frá útlöndum frá 7% til 25% af verði í útflutningshöfn. Á móti kemur að mjög stór hluti markaðsins hér á landi er á suðvesturhorni landsins og flutningskostnaður innanlands vegur því ekki jafnpungt í heildarútgjöldum til neyslu og víða annars staðar. Landfræðileg einangrun Íslands hefur einnig dregið úr samkeppni á mörgum mörkuðum sem hefur auðveldað fyrirtækjum að halda uppi verði á innflutningsvörum. Ekki leikur því vafi á að fjarlægð frá þéttbýlli löndum á þátt í háu matvöruverði hér á landi.

Stærðarhagkvæmni

Lítill markaður hér á landi gerir það að verkum að stærðarhagkvæmni í framleiðslu og viðskiptum nýtur ekki eins við og í þéttbýlli löndum. Fyrir vikið er verð á vörum og þjónustu hærra hérlendis en víðast hvar erlendis. Sem dæmi um þá stærðarhagkvæmni sem íslensk fyrirtæki fara á mis við vegna smæðar heimamarkaðarins má nefna að vélar sem stærsta bakaríð notar geta annað meira en tvöfaldri eftirspurn Íslendinga eftir verksmiðjubrauðum.

Launastig og verðaðgreining

Laun eru verulegur hluti af kostnaði íslenskra fyrirtæka og hækkun launa setur því mikinn þrýsting á verð afurða þeirra. Launakostnaður jókst verulega á seinni hluta tíunda áratugarins og er sú aukning vafalítið ein af skýringunum á því af hverju álagning fór vaxandi í smásöluverslun á árunum 1996-2000.


Kaupmáttur Íslendinga hefur einnig vaxið stórum síðustu ár og þar með geta neytenda til að greiða hátt verð fyrir vörur. Ísland var þriðja dýrasta land Evrópu árið 2001, litlu á eftir Noregi og Sviss, en verð í Danmörku, sem er í fjórða sæti Evrópulanda, er um 30% hærra en að meðaltali í Evrópulöndunum. Alkunna er að alþjóðlegir framleiðendur haga verðlagningu sinni oft í takt við kaupmátt og tekjur hvers lands, og þeir hafa vafalítið reynt að taka meira fyrir vörur sem þeir selja á Íslandi en í fátækari löndum.

Samkeppni á matvælamarkaði

Árið 2001 var rúmlega fjórðungur matar og drykkjar hér á landi seldur í 25 stórmörkuðum. Verslunarkeðjur hafa lengi verið öflugar í matvöruverslun hér á landi, en eftir miðjan níunda áratug síðustu aldar hófst mikil samþjöppun í greininni. Kaupmönnum hefur fækkað og mestöll verslunin komist í hendur fárra fyrirtækja. Þrjár stærstu verslunarkeðjurnar voru í árslok 2003 með 80–90% markaðshlutdeild. Það er ekki ósvipað því sem er annars staðar á Norðurlöndum. Staða stærstu keðjunnar er þó sterkari hér en í öðrum norrænum ríkjum. Lítil og minnkandi samkeppni á matvörumarkaði býður vitaskuld heim hættu á aukinni álagningu og í skýrslu frá árinu 2001 taldi Samkeppnisstofnun að finna mætti skýr merki um þá þróun árin á undan. Í þessari skýrslu skal þó ekkert mat lagt á þetta annað en það að markaðsgerð sem einkennist af fákeppni býður heim hættunni á háu vöruverði.


Stærðarhagkvæmni í innkaupum og birgðahaldi er nokkur og hér á landi eru tvær stórar birgðastöðvar. Sú hugmynd hefur komið fram að auka megi gegnsæi á matvörumarkaði og auðvelda aðgengi nýrra verslana með því að skikka birgðastöðvarnar til þess að auglýsa samræmda verðskrá sem gildi fyrir alla smásala sem vilji skipta við þær. Ekki verður þó séð að kostnaður í smásöluverslun sé meiri hér en í Bretlandi. Samkvæmt ársreikningum er álagning stærstu verslunarkeðjunnar á Íslandi svipuð eða heldur minni en stærstu verslana þar í landi.

Mynd 3 Hlutfallslegt verðlag nokkurra vöruflokka árið 2001 – 15 ríki Evrópusambandsins=100.



Heimild: Hagstofa Íslands. Myndina skal lesa þannig að ef þykka svarta línan er t.d. á 150, eins og tilfellið er hvað varðar kjöt, þá var kjöt 50% dýrara á Íslandi en að meðaltali í 15 Evrópuríkjum árið 2001.


Mynd 5 Hlutfallslegt verðlag nokkurra vöruflokka árið 2001, samanburður á Íslandi og Noregi við 15 ríki Evrópusambandsins=100.




Hei

mild: Hagstofa Íslands. Sjá skýringar neðan við mynd 4.2.

Mynd 6 Hlutfallslegt verðlag nokkurra vöruflokka árið 2001, samanburður á Íslandi og Danmörku við 15 ríki Evrópusambandsins=100.




Mynd 7 Hlutfallslegt verðlag nokkurra vöruflokka árið 2001, samanburður á Íslandi og Svíþjóð við 15 ríki Evrópusambandsins=100.




Heimild: Hagstofa Íslands. Sjá skýringar neðan við mynd 4.2.

Mynd 8 Hlutfallslegt verðlag nokkurra vöruflokka árið 2001, samanburður á Íslandi og Sviss við 15 ríki Evrópusambandsins=100.



Heimild: Hagstofa Íslands. Sjá skýringar neðan við mynd 4.2.

Mynd 9 Hlutfallslegt verðlag nokkurra vöruflokka árið 2001, samanburður á Íslandi og Írlandi við 15 ríki Evrópusambandsins=100.



Heimild: Hagstofa Íslands. Sjá skýringar neðan við mynd 4.2.


Raungengisstig og efnahagsþróun á Íslandi

Ísland er eyja og eitt einangraðasta ríki í heimi frá landfræðilegum forsendum vegna þess hve langt er til annarra byggðra landa. Ennfremur er þjóðin fámenn og atvinnuvegir fremur sérhæfðir og markaðir af auðlindum landsins. Af þeim sökum er mikil sérhæfing í vöruviðskiptum við útlönd. Landsmenn flytja inn mest af sínum neysluvörum, ef landbúnaðarvörur eru undanskildar, en flytja út fisk og ál. Önnur framleiðsla hérlendis er að mestu leyti í óskiptanlegum vörum (e. non-tradables) sem ekki er hægt að flytja á milli landa, s.s. þjónustu, orkuframleiðslu og svo framvegis. Af þessum sökum var sú högnun vart til staðar sem lögmálið um eitt verð byggir á vegna A) mikils flutningskostnaðar, B) skorti á samkeppnisvörum á innanlandsmarkaði og C) sérhæfðs útflutnings sem hefur litla verðteygni. Þessi kerfiseinkenni Íslands urðu m.a. til þess að mjög hröð uppbygging sjávarútvegs eftir 1973, sem oft hefur verið kölluð skuttogaravæðingin, hækkaði raungengi krónunnar um 25% á milli 1971 og 1974 og þrátt fyrir nokkrar dýfur hélst það á svipuðu róli allt til loka níunda áratugarins.

Þessi einkenni þegar einn atvinnuvegur hækkar raungengisstigið með þessum hætti hafa stundum verið kölluð *Hollenska veikin* eftir hækkun raungengis í Hollandi eftir 1950 þegar olía og jarðgas fannst í lögsögu þarlendra. Veikin á við þær aðstæður þegar uppgangur í einni atvinnugrein dregur upp launastigið í landið og hækkar gengi gjaldmiðilsins um eitthvert skeið. Hækkun raungengis íslensku krónunnar varð líklega meiri og staðfastari fyrir þá sök hve landið liggur illa við högnunarviðskiptum á vörumarkaði sem að ofan var getið einnig voru á sama tíma höft á fjármagnsflutningum við útlönd. Þetta hafði í för með sér að fjármagnskerfið var í raun lokað og geipilegur verðbólguþrýstingur gat skapast þegar gjaldeyrir flæddi inn í landið, t.d. vegna góðæris í sjávarútvegi, og peningamagn jókst í umferð. Stjórnvöld héldu síðan genginu föstu í einhvern tíma á meðan verðbólga geysaði og raungengið reis lóðbeint upp sem svo síðar var leiðrétt með gengisfellingu.

Raunar má með góðum rökum halda því fram að gengisskráning krónunnar hafi raunverulega verið miðuð að halda meðalhagnaði í sjávarútvegi í núllstöðu. Þannig hefur hið háa raungengi á milli 1970-1990 stundum verið kallaður óbeinn auðlindarskattur á sjávarútveginn þar sem launum og kaupmætti íslenskra launamanna var haldið óeðlilega háum á kostnað sjávarútvegsins sem var yfirleitt rekin áfram á núlli.

Það er ljóst að mörg af sérkennum landsins er tengjast viðskiptalegri einangrun, atvinnuvegum og hagstjórn og hafa haldið verðlagi hérlendis fremur háu í samanburði við það sem þekkist í nágrannalöndunum hafa verið að hverfa. Verðlag hérlendis hefur almennt færst nær nágrannalöndum og þeir kraftar sem kenndir hafa verið við lögmálið um eitt verð hafa fengið mun meira vægi. Hins vegar hafa önnur sérkenni ekki breyst sem hljóta að leiða til þess að verðlag er hærra en ella, enda kannski engin ástæða til. Ísland eru tiltölulega auðugt land þar sem launakostnaður er hár. Það hlýtur að leiða til þess að kostnaður við vöru og þjónustu er hærri hérlendis en í löndum þar sem launastig eru lægra.



Mynd 10. Landsframleiðsla á mann (y-ás) og verðlag einkaneyslu (x-ás) innan OECD

Þetta sést glögglega á mynd 10 þar sem landsframleiðsla á mann og verðlag einkaneyslu er borin saman inna landa OECD. Tengslin hér eru augljós og falla mjög auðveldlega að lógaritmískri leitnilínu. Verðlag er einfaldlega hærra hjá hinum ríkari löndum og vöxtur þjóðartekna leiðir til þess að raungengi hækkar. Þetta er jafnframt reynsla margra ríkja sem hafa komist til bjargálna á síðustu áratugum, s.s. Írlands, að raungengi hefur hækkað stöðugt í takt við auknar tekjur.

Ísland er ennfremur land með umfangsmikið velferðarkerfi og háa skattheimtu. Af þeim sökum hlýtur verð á vöru og þjónustu að vera hærri en ella. Skattheimtan hlýtur

að hafa mjög mismunandi áhrif á verðlag eftir því hvernig hún beinist að ákveðnum vöruflokkum. Tollar á innfluttar matvörur hljóta t.d. að hafa veruleg áhrif. Flutningskostnaður er enn til staðar og stærðarhagkvæmni skortir við margvíslega framleiðslu hér innanlands vegna þess hve markaðurinn er lítill. Smæð markaðarins leiðir einnig til þess að fákeppni verður meira vandamál en ella. Landið hefur auk þess sinn eigin gjaldmiðil sem eykur viðskiptakostnað við útlönd og gerir verðsamanburð erfiðan. Allir þessir þættir eru til stað og hafa áhrif.


Hluti III. Raungengi og útflutningur

Raungengi og einkaneysla


Raungengi krónunnar sýnir verðlag eða laun hérlendis miðað við verðlag og laun erlendis. Það er því einn helsti mælikvarðinn á samkeppnisstöðu landsins og núverandi lágt raungengi felur því í sér að Ísland er tiltölulega ódýrt framleiðsluland. Eins og sést á mynd 11 hér að neðan er raungengi krónunnar mjög lágt eða 20% neðan við meðaltalið frá 1980 og hefur raunar aldrei verið lægra frá því landið fékk fullveldi árið 1918. Þegar litið er til næstu 10 ára eða svo mun gengi íslensku krónunnar verða veikt og mun veikara en það hefur verið síðustu áratugi. Lágt raungengi tryggir ekki aðeins samkeppnishæfni og hvetur áfram útflutning, en felur einnig sér fremur lágan kaupmátt innlendra launa og letur þannig innflutning. Þannig er viðskiptaafgangur tryggður.

Lágt raungengi og viðskiptaafgangur felur einnig í sér að einkaneysla sé fremur lág sem hlutfall af landsframleiðslu. Það að hafa afgang á viðskiptum við útlönd þýðir einfaldlega að framleitt er fyrir erlenda fremur en innlenda neyslu. Hvert skref sem stigið áfram til bættra lífskjara verður að vera tryggt með aukinni útflutningsframleiðslu. Einkaneysla hefur dregist saman um rúm 20% á síðustu þremur árum við hið mikla áfall árið 2008 og fór árið 2009 niður fyrir 50% sem hlutfall af landsframleiðslu, sem er sögulegt lágmarki frá seinna stríði. En meðaltalið frá 1945 er 57% af landsframleiðslu.

Mynd 11. Raungengi Íslands frá 1914 til 2011 á mælikvarða verðlags.



Mynd 12. Einkaneysla sem hlutfall af landsframleiðslu frá 1945




Nú þegar rykið hefur sest eftir hrunið hlýtur neyslan að leita í átt að sínu fyrra horfi. Fólk getur aðeins haldið niður í sér andanum í ákveðinn tíma hvað varðar útgjöld heimilisins en síðan þarf að kaupa sitt af hvoru tagi: endurnýja föt, heimilistæki og svo framvegis. Útflutningsdrifinn hagvöxtur, samfara lágu raungengi, felur það í sér að auðsæld, virkni og launaþrýstingur mun smita út frá sér á þeim stöðum sem útflutningsstarfsemi mun fara fram. Á fyrri tíð gagnaðist lágt gengi krónunnar helst landsbyggðinni þar sem útflutningsframleiðslan, einkum sjávarútvegur, var staðsett. Að sama skapi var vann veik króna gegn höfuðborgarsvæðinu þar sem þjónustugreinarnar hafa verið staðsettar. Gengisfall krónunnar fól því í sér beina millifærslu frá neytendum á mölinni sem þurftu að borga hærra verð fyrir neysluvörur til landsbyggðarinnar sem fékk hærra verð fyrir sínar framleiðsluvörur. Vitaskuld mun lágt gengi hvetja áfram mörg byggðarlög úti á landi, einkum þau sem hafa lífsviðurværi sitt af sjávarútvegi. Hins vegar eru þjónustugeirinn nú einnig orðinn útflutningsvegur, einkum hvað varðar ferðaþjónustu og ýmsa tæknigreinar.

Staðan í útflutningsgreinum.

Leiðin fram fyrir Ísland liggur ljós fyrir en hún er ekki auðfarin. Það liggur fyrir að vélarafli innlendrar eftirspurnar dugur íslenska hagkerfinu skammt ef erlend fjárfesting og/eða aukinn útflutningur kemur til. Nú er það útflutningsframleiðsla landsins sem er hinn takmarkandi þáttur fyrir bætt lífskjör og hagvöxt á næstu árum. Verkefnið framundan er ekki aðeins fólgið í því að hreinsa til eftir fjármálakrísu heldur snúa við blaðinu eftir 10-15 ára hágengi krónunnar sem hefur kerfisbundið latt útflutning en hvatt áfram einkaneyslu í landinu. Efnahagslífið er nú lokað af með höftum og innan þeirra getur verið erfitt að hemja innlenda eftirspurn og verðbólgu sem gætu hæglega leitt til hækkunar á raungengi sem étur upp viðskiptaafganginn og veikir krónuna. Slæmt efnahagsástand í helstu viðskiptalöndum auðveldar ekki fyrir.

Þrátt fyrir að gengi krónunnar hafi nú verið mjög lágt í þrjú ár hefur útflutningur frá landinu ekki vaxið að magni svo miklu nemur. Það kemur kannski ekki á óvart að útflutningur hafi ekki aukist meira þar sem helstu útflutningsatvinnuvegir landsins búa við ytri takmarkanir á framleiðslu sinni. Afli íslenskra skipa takmarkast af

aflaheimildum samkvæmt veiðiráðgjöf Hafrannsóknarstofnunar og framleiðsla stóriðjunnar takmarkast af þeirri orku sem er til reiðu til nýtingar. Nokkur aukning hefur orðið í ferðaþjónustu en hún ein og sér megnar ekki að auka útflutning svo miklu nemi. Til þess að auka útflutning landsins þarf miklar fjárfestingar í aukinni framleiðslugetu útflutningsgreina. Hraðvirkasta leiðin til þess felst í beinni erlendri fjárfestingu. Ástæðan er einföld: Það þarf annað og meira en framleiðslutækin ein til þess að hefja framleiðslu fyrir erlenda markaði. Það þarf bæði þekkingu á þörfum kaupenda ytra, sölunet til þess að koma vörunni á rétta stað og markaðsnet til þess að selja hana. Allt þetta fylgir með kaupunum þegar erlent fyrirtæki byggir verksmiðju á Íslandi til útflutningsframleiðslu.



Mynd 13. Útflutningur (rauð lína) og innflutningur (blá lína) á föstu verðlagi

Tvær vaxtargreinar – orka og ferðaþjónusta

Það sem nú er helst í sjónmáli fyrir aukinn útflutning eru annars vegar fjárfestingar í orkuframleiðslu og síðan orkufrekum iðnaði og hins vegar vöxtur ferðaþjónustu. Vitaskuld eru margir aðrir vaxtarsprotar til staðar sem gætu haft þýðingu þegar litið er lengra fram í tímann, en allir eru þeir enn of smáir til þess að hafa mikla þýðingu fyrir hagvöxt hérlendis næstu 5 árin.


Landsvirkjun hefur lagt fram framkvæmdaáætlun sem gerir ráð fyrir tvöföldun orkuframleiðslunnar á næstu 15 árum. Jafnvel þó farið verði hægar í sakirnar liggur ljóst fyrir að nýjar virkjanir og ný erlend iðnfyrirtæki gætu leitt mjög langt hagvaxtarskeið. Með sama hætti hefur mjög hraður vöxtur átt sér stað í ferðaþjónustu sem virðist hafa komið af stað öldu fjárfestinga til þess að auka þjónustugetu greinarinnar hvort sem um er að ræða hótelrymi, flugsæti, veitingahús eða afþreyingu. Vöxtur sem er leiddur af þessum tveimur greinum mun einnig smita jákvæðum áhrifum til annarra greina með aukninni tiltrú og trausti á íslensku efnahagslífi bæði meðal landsmanna sjálfra og útlendinga.

Miðbær Reykjavíkur gegnir nú sama hlutverki og síldarplönin á fyrri tíð; afmarkaður staður þar sem fjöldi fólks vann mikil verðmæti á afmörkuðum tíma. Ferðamenn eru nú komnir í hlutverk síldarinnar. En um 75% af allri eyðslu ferðamanna á sér stað á höfuðborgarsvæðinu og fer líklega bróðurparturinn í gegn á fremur litlu svæði í miðborginni. Ef svo fer fram sem horfir varðandi vöxt ferðaþjónustu – svo sem ef 7% vöxtur heldur áfram – mun gríðarlegur markaðsmassi byggjast upp í lægstu póstnúmerum landsins í Reykjavík með einhverri smitun út í gegnum borgarsvæðið. Þessi þróun mun hafa töluverð áhrif á verslun og þjónustu innan höfuðborgarinnar þar sem eyðsla erlendra ferðamanna mun fyrirsjáanlega verða leiðandi um leið og innlend neysla dregur sig í hlé.

Hraður vöxtur þessara tveggja greina – orkuframleiðslu og ferðaþjónustu – getur hæglega stutt við töluvert hagvaxtarflug er getur náð til næstu 5 ára eða að þeim takmörkunum sem íslenskur vinnuamarkaður setur fyrir auknum hagvexti. Nú er til staðar eitthver vannýtt framleiðslugeta í hagkerfinu eftir samdrátt síðustu tveggja ára sem mikið atvinnuleysi ber vitni um. Hægt er að deila um hve mikið svigrúmið er. Hins vegar bendir allt til þess að ef vöxtur gengur eftir í þessum tveim útflutningsgreinum gæti hagkerfið farið að nálgast þenslumörk eftir 2014. Erfið fjármálakreppa á evrusvæðinu, svo dæmi sé tekið, gæti hægt mjög á þessum vexti og kæft hagvöxt héraðs. Ástæðan er sú að aukning orkuframleiðslunnar er háð því að erlendir kaupendur fáist að orkunni sem felur í sér að erlend iðnfyrirtæki fjárfesti héraðs. Fá iðnfyrirtæki vilja hins vegar auka framleiðslugetu sína með nýjum verksmiðjum héraðs ef útlit er fyrir kreppu og samdrátt á helstu markaðssvæðum

þeirra. Þáer fjármögnun virkjunarframkvæmda einnig háð stöðu fjármagnsmarkaða ytra. Þannig myndi djúp fjármálakreppa ytra tefja alla uppbyggingu í orkuframleiðslu og orkufrekum iðnaði hérlendis.

Hið sama á við um ferðaþjónustuna. Erlendum gestakomum hefur fjölgað um rúm 7% á ári að meðaltali frá árinu 1949. Ef þessi vöxtur heldur áfram mun fjöldi ferðamanna tvöfaldast á 10-11 ára fresti og árið 2019 verður fjöldinn ein milljón og síðan árið 2022 verða milljónirnar orðnar tvær. Engum blöðum er þó um það fletta að ferðaþjónusta mun verða helsta vaxtargrein heimsins og þar með talið Íslands á næstu árum en vextinum hefur verið misskipt á milli ára. Og margt getur gerst á næstu 5 árum. Einn stakur atburður líkt og Kötlugos gæti þurrkað út heilt rekstrarár fyrir greinina og drepið fjöldamörg af hinum nýju fyrirtækjum svo dæmi sé tekið.



Mynd 13. Fjölgun ferðamanna frá 1949 til 2011 og áframhaldandi fjölgun til 2020 ef sama vaxtarhraða er haldið áfram

Gengi íslensku krónunnar virðist hafa töluverð áhrif á eyðslu ferðalanga þegar þeir koma til landsins en ekki eins mikil á komurnar sjálfar. Þetta sést vel af því að erlendum gestakomum fjölgaði nær ekkert á milli árána 2007 og 2010 eða um 10 þúsund þrátt fyrir að gengi krónunnar lækkaði verulega. Aftur á móti virðist aukningin ætla að vera um 100 þúsund gestir á þessu ári. Ef til vill má færa rök fyrir því að gestakomum hefði fækkað verulega á þessum tíma ef gengið hefði ekki lækkað

vegna almennrar niðursveiflu í löndunum í kring. Ennfremur má benda á tvö eldgos sem skýrivalda. Samt virðist það liggja fyrir að það er efnahagsástandið í heimalöndum ferðamanna sjálfra sem skiptir mestu fyrir ferðalög þeirra. Eitt það fyrsta sem fólk sker af sínum útgjöldum þegar harðnar á dalnum eru frí og ferðalög. Þannig er fyrirséð að kreppa í Evrópu og víðar í vestræna heimi mun koma hart niður á ferðabjónustunni hérlendis sem og annars staðar í álfunni.

Fjármagnshöftin skýla Íslandi að einhverju leyti gagnvart óróleika á mörkuðum ytra en samt sem áður er Ísland lítið opið hagkerfi er reiðir á sig útflutningsmarkaði. Kreppa í Evrópu mun því óhjákvæmilega hafa töluverð áhrif hérlendis og ráða hagvaxtarþróun þegar lítið er 5 ár fram í tímann.

Langtímahorfur


Hagvöxtur til lengri tíma í hverju landi er yfirleitt nokkuð taktfastur og ræðst af varanlegum kerfisþáttum líkt og stjórnarháttum, fjólsfjölgun, vinnusemi, framleiðni, sparnaðarhneigð, fjárfestingu, réttaröryggi, auðlindum, félagsauði og menningu svo fátt eitt sé nefnt. Þetta eru þættir sem taka yfirleitt ekki mjög hröðum breytingum og því halda flest lönd mjög svipuðum vaxtarhraða að meðaltali þegar lítið er yfir lengri tímaskeið. Þessi taktur getur vitaskuld hikstað við stór áföll og jafnvel stöðvast um einhvern tíma en fyrr eða síðar mun hann að öllum líkindum halda áfram með sínu fyrra lagi. Þegar lítið er til hagsögu landsins eftir stríð hefur framleiðni vaxið um 2% á ári og fólki fjölgað um rúmlega 1% og niðurstaðan hefur því orðið um rúmlega 3% árlegur hagvöxtur að meðaltali. Þetta er sá langtímavöxtur sem Ísland ætti aftur að geta náð innan tíðar. Þetta felur þó ekki í sér að það séu alltaf sömu atvinnugreinarnar sem leiða vöxtinn heldur er þetta sú eðlilega framleiðniþróun sem Ísland getur skilað þegar allir þegnar lands hafa fundið kröftum sínum verðugt viðnám.

Höfuðmálið er því hvenær íslenska hagkerfið nær sínum fyrri langtíma hagvaxtartakti. Á leið að því marki mun einhver framleiðsla tapast. Fyrir það fyrsta er tímafrekt að færa vinnuafl á milli atvinnugreina. Það tekur tíma fyrir nýjar greinar að vaxa upp til þess að geta tekið við nýju fólki og það tekur einnig tíma fyrir fólk sem missir vinnuna að finna aftur fótinn sinn í nýrri grein. Þannig fylgir atvinnuleysi og vannýtt framleiðslugeta ávallt aðlögun eftir bólu-basl hagsveiflur (e. boom-bust cycles), sem

hafa verið svo algengar héraendis. Þeim mun lengri tíma sem aðlögunin tekur þeim mun meira framleiðslutap hlýst af atvinnuleysi. Í öðru lagi fylgir fylgir bólu-basli mikill kostnaður vegna missetningar fjármagns (misallocation of capital) vegna misheppnaðra fjárfestinga. Það er aftur á móti erfit að flytja fjármuni á milli greina. Þess í stað þurfa afskriftir og úrelding framleiðslutækja að koma til.

Gott dæmi um þennan feril er þegar hagvöxtur stöðvaðist héraendis eftir hrun þorsstofnsins árið 1989. Í rúm 100 hafði sjávarútvegur verið leiðandi atvinnugrein héraendis og það tók 5 ár að finna nýjan takt. Hinn nýi taktur var gefinn með vexti þjónustugreina eftir inngöngu inn á Evrópskt efnahagssvæði 1993 og samþættingu íslenska hagkerfisins við evrópska markaði. Hagvöxtur hófst þannig aftur árið 1995 með álíka hraða og verið hafði en það heppnaðist aldrei að vinna að fullu til baka þann tíma sem tapaðist með atvinnuleysi á milli árunna 1990 og 1995.

Mynd 14. Raunvöxtur landsframleiðslu á Íslandi frá 1945 og framreiknun 3% leitnivaxtar til 2025



Heimild: Hagstofan og útreikningar höfundar

Hægt er að gera ráð fyrir mjög svipaðri þróun nú þegar íslenskt efnahagslíf þarf að breyta svo snögglega um áherslur. Hagkerfið þarf að finna nýjan takt til að endurheimta vöxtinn en töpuð framleiðsla kreppuáranna mun aldrei vinnast að fullu til baka. Hinn nýi taktur fyrir Ísland nú er augljós. Hann felst í útflutningi og viðskiptaafgangi. Að hluta til er Ísland í sömu stöðu og hinn gervalli vestræni heimur sem hefur lifað umfram efni með viðskiptahalla og innflutningi frá Asíu sem hefur verið fjármagnaður með skuldsetningu. Þegar til framtíðar er litið hlýtur einkaneysla að færast til í heiminum frá hinum vestrænu löndum til nýmarkaðslanda í austri samhliða því að undið verður ofan af skuldsetningu vesturlanda. Samkeppnishæfni og útflutningur mun verða helsta áhersluatriðið beggja vegna Atlantshafsins á komandi árum.

Ísland hefur hins vegar enn ríkari ástæðu til þess að leggja áherslu á viðskiptaafgang vegna þeirrar sjálfheldu sem íslenskan krónan er föst í með fjármagnshöftum. Hreinn gjaldeyrisforði landsins er nú nálægt núlli ef erlendar skuldir og eignir Seðlabanka og ríkis eru vegnar saman. Þá liggur einnig fyrir að töluvert af erlendum fjárfestum festust inni í landinu með stórar krónustöður sem þarf að leysa út á einhverjum tímavarki. Síðast en ekki síst bíður töluvert af íslensku fjármagni bakvið höftin þess að komast úr landi, enda vilja eigendur dreifa áhættu með því að setja egg sín í fleiri körfur. Þetta á til að mynda við um lífeyrissjóðina sem þurfa nauðsynlega að koma hluta af fjármagni sínu í vinnu utan landsteina, ef þeir eiga að standa undir kröfum til góðrar eignastýringar og áhættudreifingar. Sama á við um ótal aðra íslenska fjárfesta sem eru nú bundnir niður á Íslandi en vilja nýta sér tækifæri á alþjóðavettvangi. Landsmenn þurfa einfaldlega að endurreisa traustið á þjóðarmynd sína með því að byggja upp góða erlenda lausafjárstöðu með viðskiptaafgangi.

Hagvaxtarhorfur - niðurstaða

Nú hillir undir nýtt hagvaxtarskeið eftir 10% samdrátt landsframleiðslu á árunum 2008-2010. Um það eru eiginlega allar vísbendingar samhljóða. Hins vegar er erfitt að segja til um hve langt og kröftugt þetta skeið verður. Það gæti aðeins staðið í 1-2 ár eða enst allt að 5 ár eftir því hvernig ytri aðstæður þróast. Vöxturinn er nú að mestu leiddur áfram með vexti þjóðarútgjalda, einkum einkaneyslu en einnig fjárfestingu í einhverjum mæli. Innlend eftirspurn hefur löngum hlaupið á sjómílna skóm hérlendis,

ef hún tekur á rás á annað borð. Af langri reynslu mætti jafnvel búast við töluverðum krafti í þjóðarútgjöldum á næsta ári – mun meiri krafti en Seðlabankinn, Hagstofan og fleiri aðilar hafa spáð ef ytri aðstæður haldast tiltölulega hagfelldar. Þessi vaxtarkippur getur þó ekki orðið langvinnur fyrir tilverknað innlendar eftirspurnar einnar saman. Þegar litið er til ársins 2013 og lengra fram verður útsýnið óskýrara í hvaða átt íslenska hagkerfið stefnir enda gríðarlega óvissa um þróun efnahagsmála í helstu viðskiptalöndum.

Nú býr þjóðin við viðskiptaafgang sem einmitt fékkst með hruni einkaneyslunnar árið 2008 og gengisfalli krónunnar. Um leið og þjóðarútgjöld aukast mun ganga á þennan afgang enda er aukin einkaneysla alltaf ávísun á aukinn innflutning þar sem um 40% af neyslukörfu heimilanna innfluttar vörur. Íslenska hagkerfið er í skrifstykki í þeim skilningi að innflutningur getur aukist verulega umfram útflutning án þess að hætta steðji að gjaldeyrisstöðu landsins. Þjóðin getur því ekki eytt meira en hún aflar og fjármagnað viðskiptahalla með erlendu lánsfé sem raunin hefur verið svo oft áður. Annað hvort verður Seðlabankinn að grípa í taumana með vaxtahækkunum eða gjaldeyrisútlæði vegna aukins innflutnings mun veikja krónunna, skapa verðbólgu og kæfa neysluna niður. Það andrými sem eftirspurnardrifinn vöxtur hefur hérlendis er aðeins 1-2 ár.

Til þess að hagvöxtur geti haldið skriði fram yfir 2013 þarf framfarir í útflutningsframleiðslu landsins; ferðaþjónustan verður að halda áfram sínu skriði og fjárfestingar í orkuframleiðslu verða að ganga fram. Einkneysla getur ekki vaxið hraðar en útflutningur en að öðrum kosti verða Seðlabankinn og önnur hagstjórnaryfirvöld að stíga mjög harkalega á bremsurnar til þess að halda jafnvægi í greiðslujöfnuði landsins. Ísland þarf að safna gjaldeyrisforða en ekki eyða með viðskiptahalla.